

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 1 ári á hluta gjaldsins ef um er samið á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld hafa ekki verið greidd af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a. m. k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, í hvert skipti kr. 675,00.

Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma, sem heitavatnsæðum er lokað vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 196, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. janúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitakerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt aflgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári.

Gjaldtaka skal þó miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir breytingu, þegar um hækkun hemilstillingar er að ræða.

Fyrir breytingu á hemilsstillingu skal greiða skammtabreytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Minnsta breyting á hemilstillingu er 0,5 ltr/mín (mínútulítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.

3. gr.

Fyrir öll afnot af varmaorku skal greiða orkugjald samkvæmt rúmmetramæli og fast aflgjald samkvæmt hemilstillingu eða mælagjald.

A. Orkugjald:

Orkugjald fyrir hvern rúmmetra kr. 63,60

B. Fastagjald:

B.1 Fyrir almenna húshitun ásamt neysluvatni.

Fast aflgjald (hemlagjald) ltr/mín/ár kr. 3 400,00

B.2 Án húshitunar.

Mælagjald á mánuði kr. 284,00

4. gr.

C. Stofngjöld skulu reiknast sem hundraðshluti af sama stofni og útreikningur byggingargjalda miðast við samkvæmt gjaldskrá byggingargjalda á Akureyri.

C.1 Gjaldstuðull fyrir fyrstu 300 m² 1,1%

C.2 Gjaldstuðull umfram 300 m² 0,4%

Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 m að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.

C.3 Mælagrindargjald kr. 10 338,00

C.4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m

lengd frá lóðarmörkum kr. 1 295,00

5. gr.

D. Önnur gjöld.

D.1 Lokunargjald kr. 386,00

D.2 Skammtabreytingargjald kr. 386,00

D.3 Mælaálestrargjald (aukaálestur) kr. 386,00

6. gr.

Af húsrými með þilofnahitun eða rafgeislahitun (bein hitun) skal greiða 50% stofngjalds samkvæmt gjaldskrá þessari.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. janúar 1987, 293 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 195, 7. apríl 1986.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. janúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.